



DÝRAVERNDARRÁÐ

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/464

komudagur 4.12.2002

Umhverfisstofnun
Siv Friðleifsdóttir umhverfisstofnunarherra
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2002
Snr. 151/01-1897/MH

Efni: Framtíð dýraverndarmála

Þann 21. nóvember 2002 var haldinn fundur dýraverndarráðs og formanna þeirra félagasamtaka sem eiga fulltrúa í ráðinu. Rætt var um framtíð dýraverndarmála með stofnun Umhverfisstofnunar þann 1. janúar 2003. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi ályktun:


Í maí 2002 samþykkti Alþingi lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun en í þeim er gert ráð fyrir að dýraverndarráð verði lagt niður og að hlutverk og starfsemi ráðsins færist undir Umhverfisstofnun. Fyrir liggja tillögur starfshóps um breytingar á lögum vegna Umhverfisstofnunar, þ. á m. lögum nr. 15/1994 um dýravernd. Dýraverndarráð vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- Dýraverndarráð álitur mjög mikilvægt að stjórnsýsla dýraverndarmála verði einfölduð. Í því skyni er nauðsynlegt að málaflokkurinn verði allur vistaður á einum stað og þar fjallað um dýravernd allra dýra; villtra dýra, búfjár og gæludýra.
- Mikilvægt er að ráðinn verði a.m.k. einn starfsmaður í fullt starf til að hafa yfirumsjón með málaflokknum. Nauðsynlegt er að sá starfsmaður hafi fagþekkingu á sviði dýraverndarmála. Einnig er mjög áriðandi að leyfisveitingar og eftirlit sé í höndum fagmanna.
- Dýraverndarráð áður dýraverndarnefnd var lögboðið árið 1957 í lögum um nr. 21/1957 dýravernd og hefur haldist óbreytt í núgildandi lögum nr. 15/1994. Tilgangur þess er að vera ráðuneyti dýraverndarmála til aðstoðar og gera tillögur um allt það, er horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Jafnframt skal leita áhlits þess við setningu reglugerða eða annara stjórnvaldsáðgerða um dýravernd. Samsvarandi ákvæði er í dönsku dýraverndarlögunum og dýraverndarnefndir starfa í hverju sveitarfélagi í Noregi. Dýraverndarráð hefur jafnframt reynst ákjósanlegur vettvangur til að samræma hin ólíku sjónarmið þeirra aðila sem koma að máefnum dýra með ýmsum hætti. Dýraverndarráð álitur því nauðsynlegt að

ráðið starfi áfram sem ráðgefandi nefnd við úrlausn dýraverndarmála. Í nefndinni ættu að sitja fulltrúar þeirra félagasamtaka sem nú eiga sæti í dýraverndarráði og jafnvel fleiri aðilar.

- Gott aðgengi frjálsra félagasamtaka að stjórnsýslunni er mikilvægt til að koma í veg fyrir misskilning á ákvörðunum stjórnvalda. Á Íslandi, sem og víða annarsstaðar í heiminum, hefur orðið mikil vakning í dýraverndarmálum og almenningur er almennt mjög meðvitaður um mikilvægi málaflokksins. Til að tryggja réttláta umfjöllun og faglega meðferð dýraverndarmála er mikilvægt að fagaðilar á öllum sviðum er snerta dýravernd komi að málum. Þannig er velferð dýra best borgið. Dýraverndarráð er slíkur samráðsvettvangur, þar sem frjálsum félagasamtökum gefst kostur á að taka þátt í að móta stefnu ýmissa málefna á sviði dýraverndar. Benda má á að í Ríó-yfirlýsingunni sem Ísland samþykkti á alþjóðaráðstefnu um umhverfismál í Rio de Janeiro árið 1992 segir m.a. að best verði tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Þessi regla er hvati að Árórsamningnum en Ísland var eitt af fyrstu ríkjunum sem skrifaði undir þann samning. Víða í heiminum er nú unnið að því að koma á fót faglegum samráðsvettvangi á sviði dýraverndarmála. Sem dæmi um slíkt má benda á stofnun ráðgefandi vísindanefndar um dýravernd undir landbúnaðar- og matvælaráðuneyti Írlands. Dýraverndarráð telur því niðurlagningu ráðsins mikla afturför og vera í andstöðu við ríkjandi strauma í Evrópu og fleiri löndum.

Virðingarfyllst,


Elín Jóhannsdóttir
formaður